

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingum um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 97 27. júní 1957, nr. 139 4. okt. 1961 og nr. 278 24. okt. 1968.

4. liður 1. mgr. auglýsingar dags. 27. júní 1957 orðist svo:

10. Nefnd Verkamannafélagsins Fram, Verkakvennafélagsins Aldan og Iðnsveinafélags Sauðárkróks, Sauðárkróki, aðsetur Sauðárkrókur. Staðfest 23. maí 1957, breytt 13. marz 1959.

3. liður 1. mgr. auglýsingar dags. 4. okt. 1961 orðist svo:

32. Nefnd Verkalýðsfélags Akraness og Félags skipasmiða á Akranesi, aðsetur Akranesi. Staðfest 4. marz 1961, breytt 13. marz 1969.

2. liður auglýsingar, dags. 24. okt. 1968 orðist svo:

58. Nefnd aðildarféлага Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, aðilar eru: Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, Skipstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir, Vélstjórafélag Íslands, Mótörvélstjórafélag Íslands, Félag íslenzkra loftskeytamanna, Félag Bryta og Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári, Hafnarfirði, aðsetur Reykjavík. Staðfest 24. október 1968, breytt 13. marz 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 13. marz 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. aprí 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957.

72. Nefnd Verkamannafélags Húsavíkur, Verkakvennafélagsins Von, Húsavík og Árvaks, (iðnsveinafélags Húsavíkur). Aðsetur Húsavík. Staðfest 4. maí 1959, breytt 14. marz 1969.

73. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Hnífsdælinga. Aðsetur: Hnífsdalur, N-Ís. Staðfest 14. marz 1969.

74. Nefnd Verkalýðsfélags Breiðdælinga. Aðsetur: Breiðdalur, S-Múl. Staðfest 14. marz 1969.

75. Nefnd Verkalýðsfélags Afturelding, Hellissandi. Aðsetur: Hellissandur, Snæfellsnesi. Staðfest 14. marz 1969.

76. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Stöðvarfjarðar. Aðsetur: Stöðvarfjörður, S-Múl. Staðfest 14. marz 1969.
77. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs. Aðsetur: Djúpivogur, S-Múl. Staðfest 14. marz 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 14. marz 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

20. marz 1969.

Nr. 82.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu frá 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Í stað orðanna „20. marz 1969“ í síðustu málsgrein 1. gr. auglýsingarinnar komi orðin: 15. apríl 1969.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

21. marz 1969.

Nr. 83.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Hrunamannahreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr. til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. marz 1969.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.